

**Ed.**

**259. Nefndarálit**

**[36. mál]**

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Mál þetta hefur verið rætt á nokkrum fundum nefndarinnar. Var það sent til umsagnar þessum stofnunum: Félagi ísl. bifreiðaeigenda, Framkvæmdanefnd hægri umferðar, Slysavardstofu Reykjavíkur, Bifreiðaeftirlitinu, Slysavarnafélagi Íslands, Sjóváttryggingafélagi Íslands, Samvinnutryggingum, Hagtryggingu og umferðarlaganefnd.

Svör bárust ekki frá Hagtryggingu og umferðarlaganefnd, en hinir aðilarnir hafa svarað og eru í meginatriðum hlyntir þeirri breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir, að skylt sé að hafa öryggisbelti fyrir ökumenn og farþega í framsæti bifreiðar.

Þegar málið var afgreitt frá nefndinni 1. febr. s. l., mælti meiri hl. (JÞ, KGuðj, EÁ og BFB) með samþykkt frv. með nokkrum breytingum, sem birtar eru á sérstöku þskj. SvG tók ekki afstöðu til málsins að svo stöddu. Fjarverandi voru AuA og ÓB.

Þær breytingar, sem meiri hl. leggur til að gera á frv., eru fólgnar í eftirfarandi:

Meiri hl. þykir eftir atvikum rétt að ákvæði frv. taki einungis til fólksbifreiða 2—6 manna svo og jeppabifreiða. Enn fremur, að bifreiðar eldri en frá 1. jan. 1961 falli ekki undir ákvæðin.

Þá sýnist meiri hl. eðlilegt að hafa nokkuð rúman aðdraganda að framkvæmd fyrirmælanna og gildistökudagur verði 1. maí 1969.

Alþingi, 2. febr. 1968.

Jón Þorsteinsson,  
form.

Björn Fr. Björnsson,  
frsm.  
Einar Ágústsson.

Karl Guðjónsson.